ORKUSTOFNUN

Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Landsnet hf.
Guðmundur Ingi Ásmundsson
forstjóri
Gylfaflöt 9
112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. júní 2016
Tilvísun: OS2016060018/10.5
Verknúmer: 4123120

LANDSNET
28. JÚNÍ 2016
Verkefni: 2015-05-60
Lykill: 1.5 Ábm.: GS

**Efni: Uppgjör tekjumarka Landsnets 2015**

Orkustofnun setti Landsneti tekjumörk fyrir árin 2011 – 2015 með bréfi dags. 18. júlí 2013. Ný ákvörðun orkumálastjóra um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna fyrir tekjumarkatímabilið 2011 - 2015 lá fyrir með bréf dags. 21. júlí 2015. Orkustofnun hefur nú lokið uppgjöri tekjumarka Landsnets árið 2015, á grundvelli 6. mgr. 12. gr. raforkulaga vegna ársins 2015 og eru uppgerð tekjumörk ásamt tekjum sem hér segir:

| **Tekjur:** | **Alm. notendur í þús. kr.** | **Stórnotendur í þús. kr.** | **Samtals í þús. kr.** |
|---|---|---|---|
| Flutningstekjur | 3.966.625 | 9.761.218 | 13.727.844 |
| Þjónustutekjur | 21.397 | 27.828 | 49.225 |
| Aðrar tekjur | 71.390 | 50.056 | 121.445 |
| **Samtals tekjur** | **4.059.412** | **9.839.102** | **13.898.514** |

| **Gjöld:** | **Alm. notendur í þús. kr.** | **Stórnotendur í þús. kr.** | **Samtals í þús. kr.** |
|---|---|---|---|
| Rekstrarkostnaður | 1.389.179 | 1.725.573 | 3.114.752 |
| Viðbótarrekstrarkostnaður | 105.575 | 131.140 | 236.714 |
| Afskriftir | 1.428.940 | 2.763.288 | 4.192.228 |
| Arður | 1.829.302 | 4.270.373 | 6.099.675 |
| **Samtals gjöld** | **4.752.996** | **8.890.373** | **13.643.369** |

| | **Alm. notendur í þús. kr.** | **Stórnotendur í þús. kr.** |
|---|---|---|
| Mismunur [Tekjur - Gjöld] | -693.584 | 948.729 |
| Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur með skuld frá 2010 | -697.840 | 2.617.414 |
| Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (%) | -14,7% | 29,4% |
| | | |
| Skuld við stórnotendur (skal greidd til baka að fullu fyrir lok árs 2020) | 0 | 1.171.802 |
| **Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekur að teknu tilliti til skuldar** | **0** | **1.445.612** |
| **Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur færðar á milli ára** | **-475.300** | **1.445.612** |
| **Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (%)** | **-10,0%** | **16,3%** |

Tekjuheimildir Landsnets á árinu 2014 eru vannýttar, kr. 693.584 þús fyrir almenna notendur og ofnýttar, kr. 948.729 þús fyrir stórnotendur. Uppsafnaðar tekjuheimildir Landsnets í árslok 2015 eru vannýttar, kr. -697.840 þús fyrir almenna notendur eða -14,7% og ofnýttar kr. 2.683.013 þús, eða 29,4% fyrir stórnotendur. Landsneti er heimilt að flytja 475.300 þús kr. vannýttar tekjuheimildir yfir á uppgjörsárið 2016, eða 10%. Sé tekið tilltið til skuldar við stórnotendur sem Landsnet hefur til ársins 2020 til að greiða, eru uppsafnaðar ofteknar tekjur Landsnets 16,3% af tekjumörkum fyrir stórnotendur árið 2015, sem er yfir 10% vikumörkum. Orkustofnun bendir á að Landsnet hefur svigrúm til ársloka árið 2017 til að koma uppsöfnuðum ofteknum tekjum niður fyrir þessi mörk, sbr. 7. mgr. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og ákvæði til bráðabirgða II í lögum um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Þessi ákvörðun er tekin með fyrirvara um endurskoðun á bókhaldsupplýsingum Landsnets og hugsanlegar athugasemdir sem kunna að koma fram þar.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 og gjaldskrármál eða starfsemi flutningsfyrirtækis sæta kæru til úrskurðanefndar raforkumála. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra

Silja Rán Sigurðardóttir
Silja Rán Sigurðardóttir
Ph.D. verkfræðingur

Rakel Jensdóttir
lögfræðingur